

Kröfur þær sem hreppsnefnd kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveðrétti fyrir hverskonar samnings- og aðfaraveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 15. janúar ár hvert.

Gjaldið greiðist oddvita hreppsins, eða þeim sem hreppsnefnd felur innheimtu þess.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 5000,00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sekt þessi rennur í sveitarsjóð. Mál út af broti gegn reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Rauðasandshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

3. febrúar 1982.

Nr. 33.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmála Bolungarvíkurkaupstaðar nr. 152 4. apríl 1975.

1. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn Bolungarvíkur skal skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum nr. 5/1962.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

4. febrúar 1982.

Nr. 34.

A U G L Ý S I N G

um breytingu á auglýsingu um staðfestingu á fundarsköpum fyrir hreppsnefnd Miðneshrepps nr. 17 23. janúar 1963.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Rétt til fundarsetu á fundum hreppsnefndar eiga 7 kjörnir hreppsnefndarmenn, auk sveitarstjóra.